

Stefnumótun

Stefnumótun varðandi þjónustu nemenda með sérþarfir

Í vetur hefur farið fram vinna við stefnumótun sveitarfélagsins um þjónustu nemenda með sérþarfir, bæði fyrir grunnskóla og leikskóla. Ýmsir hafa komið að vinnunni úr sérfræðingahópi sveitarfélagsins m.a. sérkennarar, kennarar, þroskabjálfar, iðjubjálfi, skólastjórar, sviðsstjóri og fleiri. Kennslu-ráðgjafi hélt utan um vinnuna. Í maí var „Sérkennslustefna leikskóla“ samþykkt og í júlí var „Stefna um þjónustu nemenda með sérþarfir“ í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar samþykkt í fræðsluráði.

Stefnumar má nálgast á eftirfarandi slóð:

<http://www.dalvik.is/Stjomsysla/Fraedslu-og-meningarsvid/Stefnur-iskolamalum/>



Skólastefna leikskóla

Í ágúst mun hefjast vinna við mörkun skólastefnu leikskóla sveitarfélagsins. Þegar hefur verið skipaður 3ja manna vinnuhópur og hafa umsagnaraðilar verið skilgreindir. Gert er ráð fyrir að hægt verði að leggja stefnuna fyrir umsagnaraðila í nóvember og til samþykktar hjá fræðsluráði í kjölfarið.

Uppbyggingarstefnan

Veturinn 2008 fór fram vinna við að skoða og taka ákvörðun um samræmda uppeldisstefnu á vegum sveitarfélagsins. Fyrir valinu varð stefna sem kölluð er *Uppbyggingarstefnan (Restitution)*, einnig gengur hún undir nafninu *Uppeldi til ábyrgðar* eða bara *Uppbygging*.

Uppbyggingarstefnan

gengur út á það að fá börn og fulloröna til skoða eigin hegðun, skilja hana og bera ábyrgð á henni. Áhersla er á að þegar fólk gerir mistök fái það tækifæri til að bæta sig og taki sjálft



ákvörðun um slíkt. Hver einstaklingur stjómar eigin hegðun en hegðun er gjarnan drifin af þeim grunnþörfum sem við höfum eins og öryggi, gleði, frelsi, að tilheyra og að hafa áhrif. Lagt er upp með að þekkja eigin tilfinningar og stjórna þeim frekar en umbuna og refsa.

Mismunandi nálgun er á stefnunni í grunnskólanum og leikskólanum en hún hentar þó fyrir starfsmannahópa beggja skólastiga.

Góð grein um stefnuna er á þessari slóð <http://netla.khi.is/greinar/2007/003/prent/index.htm>

Í ágúst verður haldið námskeið um Uppbyggingarstefnuna fyrir starfsfólk skólanna, íþróttamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar, félagssviðs og þá sem vinna með börnum á vegum sveitarfélagsins. Námskeiðið halda Magni Hjálmarsson og Sigríður Ragnarsdóttir.

Námskeiðið verður haldið **10. og 11. ágúst** í Dalvíkurskóla. Fyrri daginn sækir allt starfsfólk sveitarfélagsins sem vinnur með börnum námskeiðið en seinni dagurinn er framhald fyrir starfsfólk grunnskólans.

Boð á kynningu

Að kvöldi þriðjudagsins 10. ágúst er boðið upp á kynningu á Uppbyggingunni kl. 20.30 í Bergi en Magni og Sigríður munu fræða foreldra og áhugasama um stefnuna. Kynningin er opin þöbbum, mömmum, frændum, frænkum, bræðum, systur, öfum og ömmum og hverjum þeim sem hefur áhuga. Við hvetum alla til að mæta og sjá út á hvað Uppbyggingin gengur.



Fréttabréf Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar

1. TBL.
ÁGÚST 2010
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSPG/HELGA BJÖRT



Hver sem sem hættir að læra er gamall, hvort sem hann er tvítugur eða áttræður. Hver sem stöðugt lærir er stöðugt ungur. Það stórkostlega í lífinu er að halda hugsunum sínum ungum.

Henry Ford



Leikskólarnir

Húsnæðismál leikskóla

Það er mikið gleðiefni að árin 2008 og 2009 fjölgaði fæðingum barna um tæp 30% í sveitarfélaginu miðað við árin á undan. Auk þess er útlit fyrir að stór árgangur fæðist á þessu ári.



Því er ljóst að verulega mun þrengja að plássi á leikskólunum á næstu árum, þá sérstaklega á Krflakoti og Kátakoti. Í vor hefur nefnd hist á vegum sveitarfélagsins nokkrum sinnum og unnið að því hvemig megi leysa þessa sveiflu í árgöngum með góðu móti. Nefndin er enn að skoða þessi mál og engar ákvarðanir hafa verið teknar.

Þrátt fyrir þessa fjölgun er möglegt í haust að taka inn nokkur börn sem hafa vart náð eins árs aldri og er slík þjónusta ekki þekkt á mörgum stöðum á landinu.

Aldursskipting á milli leikskóla

Í vetur vann hópur að tillögum um hvemig hentugast væri að nýta leikskólana Krflakot og Kátakot. Nefndin komst að



þeirri niðurstöðu að á Krflakoti væru börn á aldrinum 0-3 ára en á Kátakoti 4-5 ára. Þessi skipting hentar vel með tilliti til húsnæðis skólanna og fleiri þátta. Leikbær mun áfram bjóða upp á leikskólanám fyrir börn á aldrinum 0-5 ára.

Breytingar á Kátakoti

Þær breytingar urðu á Kátakoti í vor að Lárey Valbjörnsdóttir leikskólakennari var ráðin aðstoðarskólaflokkstjóri og Harpa Rut Heimisdóttir íþróttakennari M.S. var ráðin deildarstjóri. Þetta eru nokkrar breytingar frá síðasta vetri en þá var tveggja deildarstjóra kerfi í leikskólanum.

Grunnskólinn

Verkefnastjórar sérkennslu

Nú við skólaupphaf munu taka í gildi skipulagsbreytingar varðandi sérkennslu í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Bergljót V. Jónsdóttir mun starfa sem verkefnastjóri sérkennslu á yngri stigi skólans en Dóróþea Reimarsdóttir verður verkefnastjóri sérkennslu á eldra stigi skólans.

Innleiðing skólafestna

Í vetur hefur verið unnið að innleiðingu skólafestnunnar sem samþykkt var árið 2008. Nú þegar er skólinn kominn nokkuð langt í innleiðingarkerfinu en þó á enn eftir að stíga nokkur skref. Skólafestnuna má nálgast á heimasíðu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar.



Eitt og annað

Proskapjálfi

Nýverið var samþykkt að ráða proskapjálfa í 50% stöðu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Þórhalla Karlsdóttir var ráðin í starfið og mun því vinna í hálfu starfi á Félagssviði og í hálfu starfi á Fræðslusviði en áherslan í því starfi er á Grunnskólann. Áfram verður góð samvinna við Félagssvið sem sér um ráðgjöf við leikskólana vegna bama með fötlun.

100% starf verkefnastjóra í félagsmiðstöðinni

Nú á vordögum var samþykkt að auka stöðuhlutfallið í félagsmiðstöðinni með það að markmiði að efla félagsstarf bama og unglinga í sveitarfélaginu. Stefnt er að mikilli samvinnu við Grunnskólann og meiri þjónustu við börn frá því að þau hefja nám í 5. bekk. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn í 100% stöðu, sá heitir Kjartan Ólafsson, íþróttakennari og íþróttafraeðingur en hann hefur nokkra reynslu af tónstundastarfi með börnun og unglungum.

Styrkúthlutanir til fræðslumála í vetur- þróunarverkefni o.fl.

Mikil gróska er í þróunarstarfi í skólum sveitarfélagsins um þessar mundir enda starfar þar fólk með frjóa hugsun og áhuga á eflingu skólafestna. Sótt hefur verið um styrki til margskonar verkefna tengdum skólafestnum og þróunarstarfi. Í vetur fengum við nokkuð margar styrkveitingar til slíkra verkefna og má þar nefna:

Tónar eiga töframál, samstarfsverkefni allra leikskólanna og tónlistarskóla. Verkefnið fékk styrkveitingu upp á 1.000.000 kr. úr Sprotasjóði. Þuríður Sigurðardóttir leikskólakennari er framkvæmdaraðili en Dagbjört Ásgeirsdóttir, skólaflokkstjóri Krflakots, stýrir verkefninu en verkefnið mun standa fram á vor 2011.

Allir með, tilraunaverkefni með klúbbastarfi í félagsmiðstöðinni Pleizinu. Verkefnið fékk styrk upp á 675.000 kr.

Leikskólalæsi, samstarfsverkefni leikskólanna í tengslum við lestur, ritun, orðaforða og málproska leikskólabarna. Helga Björt Möller kennsluráðgjafi heldur utan um verkefnið en jafnframt er keypt ráðgjöf frá Miðstöð skólaflokkunar Háskólans á Akureyri. Á hverjum leikskóla er svo lykilstarfsmaður verkefnisins og funda lykilstarfsmenn og kennsluráðgjafi reglulega. Afurðir af verkefninu verður hægt að sjá á heimasíðum skólanna og Dalvíkurbyggðar þegar líða fer á næsta skólaár. Verkefnið fékk styrk upp á 725.000 kr. til námsgagnagerðar frá Þróunarsjóði námsgagna.

Töfraheimur stærðfræðinnar, verkefni í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar og á leikskólunum Leikbæ og Kátakoti sem gengur út á að auka fjölbreytni og efla stærðfræðikennslu. Dóróþea Reimarsdóttir stýrir verkefninu. Sprotasjóður styrkti verkefnið um 1.500.000 kr. Verkefnið fer af stað nú á haustdögum.

Auk þessa hafa fengist styrkir til að auka þekkingu kennara á ýmsum sviðum.

Félagssvið fékk nýverið styrkveitingu til að efla fræðslu um ADHD (o fvrkni/athyglisbrest) og styðja betur við börn og fjölskyldur bama með ADHD.

Þess ber einnig að geta að á síðasta ári hlutu verkefnið **Byrjendalæsi** í grunnskólanum og **Uppbyggingarstefnan** á vegum Fræðslusviðs styrki úr Endumenntunarsjóði grunnskóla.

Upplýsingar um þróunarverkefni skólanna má nálgast á heimasíðum þeirra og heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni: <http://www.dalvik.is/Stjornsystem/Fraedslu-og-menningarvidTHrouarvefni-i-skolonum/>